

Ed.

1194. Nefndarálit

[525. mál]

um frv. til l. um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með flutningi frv. þessa gengur ríkisstjórnin þvert á yfirlýsta stefnu sína og margítrekuð fyrirheit um skattalækkunir. Í þessu efni er fylgt fordæmi vinstri stjórna frá 1978 sem kristallaðist í svokölluðum Ólafslögum þar sem ofstjórnaræðið var lögfest.

Stefna þessi gekk sér til húðar 1983 þegar verðbólguhraði var kominn í 130% miðað við eitt ár, erlendar skuldir hrönnuðust upp í mesta góðæri Íslandssögunnar og gjaldmiðillinn var hruninn. Úrræðin höfðu ætíð verið þau að dengja á nýjum sköttum, einkum neyslusköttum, í kjölfar gengisfellinga og kjaraskerðingar eða sem fyrirboða slíkra aðgerða en samhliða var hindrað að íslenskir peningar mættu vera í umferð til annarra en útvaldra og sjávarútveginum komið á vonarvöl þegar hvergi var starfsfé að fá nema á okurkjörum hjá Aröbum og Ameríkumönnum. Þennan vítahring ætlaði ríkisstjórnin að rjúfa og tókst framan af margt vel og enn er unnið að umbótamálum. En meginstefnubreytingin í skatta- og peningamálum hefur látið standa á sér.

Fyrsti liður svokallaðra „mildandi aðgerða“ í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar 1983 hljóðar svo:

„Skattar og tollar, sem nú leggjast með miklum þunga á ýmsar nauðsynjavörur, verði lækkaðir.“

Þetta ákvæði var sett að skilyrði fyrir stuðningi við stefnu stjórnarinnar áður en hún var mynduð og samþykkt af öllum þingmönnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks enda mátti ljóst vera að dæmið gat aldrei gengið upp nema til þessara úrræða væri gripið samhliða frjálsræði í peningamálum. Að framkvæmd þessa þýðingarmesta ákvæðis var mikið unnið strax síðla árs 1983 og síðar en ákvörðun hefur aldrei verið tekin. Þvert á móti var söluskattur hækkaður á síðasta þingi um hálfan af hundraði án þess að sú aðgerð skipti einangruð öðru máli en því að auglýsa fyrir alþjóð að ofsköttunarstefnunni skyldi haldið áfram þrátt fyrir gagnstæð loforð. Afleiðingarnar þekkja allir.

Hækkun söluskatts nú er röng ákvörðun. Gagnstætt þessu ætti að reyna að standa við marggefin fyrirheit um skattalækkunir til að tryggja vinnufrið og kveða verðbólguna í kútinn. Lækkun okurtolla og skatta á brýnustu nauðsynjavörur hvers einasta manns er nú sem fyrr vænlegasta úrræðið enda hefði slík skattalækkun tvíefld áhrif; hún gerði launafólki kleift að una við minni kauphækkunir og hún væri bein aðgerð gegn verðbólgu gagnstætt þessu frumvarpi.

Vandi húsbýggjenda er mikill. Leysa ætti hann og vinna bug á erfiðleikum atvinnuveganna með því að gera Seðlabanka Íslands — eða a. m. k. heimila honum — að fullnægja þeirri frumskyldu sinni „... að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt ...“ í stað þess að „loka“ viðskiptabönkum og sparisjóðum og færa allt fjármálaríf þjóðarinnar til útlanda en sprengja upp vexti á „almennum“ markaði innanlands því að engum er heimilað að gefa út peninga, starfsfé, ávísanir á mikla auðlegð lands og þjóðar svo að jafnvægi geti myndast á peningamarkaði og mismunun og ranglæti linni. Hér er fylgt tveim andstæðum stefnum, annars vegar eru vextir frjálsir en hins vegar er hindrað að framboð fjár sé eðlilegt.

Að því er söluskattshækkun nú varðar til aðstoðar húsbýggjendum er auk þess um að ræða kaldhæðnislega þversögn. Skatturinn leggst auðvitað með margföldum þunga á þá sem eru að byggja. Þeir þurfa ekki einungis að borga hækkunina á neysluvörum eins og aðrir heldur til viðbótar söluskattshækkun á öllu því sem til íbúðarinnar þarf, einmitt þegar erfiðleikarnir eru mestir. Þess er þá að gæta að gifurlega há aðflutningsgjöld eru lögð á ýmsar byggingarvörur, svo sem á hreinlætistöki og eldhúsbúnað, en ofan á þau og álagningu leggst söluskatturinn með miklum þunga. Og svo má húsbýggjandinn, þegar greiðslubyrði hans er þyngst, eiga von á stórhækkuðum eignarskatti ef honum kynni að auðnast að halda húsinu og flytja inn í það.

Engin orð er unnt að hafa um það ákvæði að „Af tekjuafgangi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skulu 30 millj. kr. renna til húsnæðismála ...“ af því að ríkissjóður er svo illa haldinn að hann getur ekki greitt upphæðina.

Þess er loks að gæta að skattheimta þessi er ekki hugsuð til að mæta einhverjum halla eins sjóðs eða annars innan lands eða utan. Hér er einungis um það að ræða að færa fé frá almenningi til ríkisins, sem það síðan lánar út með fullri verðtryggingu og vöxtum. Það er með öðrum orðum verið að færa eignarráðin frá fólkinu til ríkisins.

Með tilvísun til þessa er ljóst að 1. minni hl. leggur til að frv. verði fellt.

Alþingi, 10. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson,
form.